LINDA BEN

Klassískt waldorf salat eins og það gerist best



Eldunartími

10 mín

Erfiðleikastig

Auðvelt

Fjöldi

0

Lýsing

Klassískt Waldorf salat eins og það gerist best.
Það væri varla jólamatur án Waldorf salatsins að mínu mati. Hér er salatið búið til úr eplum, vínberjum, valhnetum, súkkulaði og að sjálfsögðu þeyttum rjóma.

Klassískt Waldorf salat eins og það gerist best

- 2 græn epli
- 250 g græn vínber
- 250 ml rjómi frá Örnu Mjólkurvörum
- 50 g súkkulaði
- 50 g valhnetur

Aðferð:

1. Flysjið eplin og kjarnhreinsið, skerið svo í bita og setjið í skál. Skerið einnig vínberin niður og bætið í skálina.
2. Þeytið rjómann og bætið í skálina, rífið súkkulaðið gróft niður og bætið út í.
3. Brjótið valhneturnar gróft niður og bætið út í.
4. Blandið öllu saman.

Ef þú prófar þessa uppskrift þá þætti mér svo vænt um að heyra frá þér! Skildu eftir skilaboð hér fyrir neðan, eða taktu mynd og merktu mig á Instagram @Lindaben
Fylgistu með á Instagram!
Njótið vel!
Ykkar

Hráefni

—

Leiðbeiningar

1.